

Ár 1878 h. 6. Júní setti og hélt sýslumaður E. Th. Jónassen politírætt að Hvítarvöllum með vottum D. Fjeldsted og Birni hreppsstjóra Þorsteinssyni í tilefni af bréfi dags. 23. f.m. frá O. Halldorsen timburmanni í Borgarnesi um þjófnað sem þar átti að vera framinn af Sólmundi Símonarsyni á Hvítárósi. Nefnt bréf var lagt fram sub. Nr. 1 og áritað um framleggingu og er svo hljóðandi: + + +

Fyrir réttinum mætti bóndinn Andrés Fjeldsted sem sýslumaður áminnti um sannsögli í framburði sínum. Þarum spurður kannast hann við að Sólmundur Símonarson í kringum 20. f. m. hafi verið ásamt sér og fleirum staddur á Brákarpolli til þess að hjálpa sér að bera (flytja) timbur er þaðan átti að flytja sjóveg inn að Hvítarvöllum og af því að eigi strax hafi getað þá hafi því orðið að liggja þar við í 2 nætur og fengið að sofa þar á nóttinni inn í húsinu kaupmannsins sem timburmaður O. Halldorsen bjó í. Sagðist hann þá hafa heyrt menn sína segja að O. Halldorsen hafi borið það upp á þá að stolið hafi verið úr húsinu eða þó einkum að Sólmundur Símonarson hafi gert það og enda undirgengist nokkuð af því, og með því menn þeir hinir, sem voru með Andrési eigi vildu liggja undir því að þeir væri valdir að því sem kynni að hafa horfið úr húsinu, þá skoruðu þeir á A. Fjeldsted að rannsaka farangur Sólmundar, því hann hafði með sér koffort, er hann hafði flutt að sunnan, er hinir menn sem A. hafði með sér voru eigi með neinn farangur og segir Deponentinn að timburmaður O. Halldorsen hafi verið við þegar koffortið var rannsakað, þar fannst ekkert sem grunnsamt þótti um utan 1 sokkur með nöglum í, sem Sólmundur fyrst þóttist hafa keypt í Rvík, en síðan þó játað að hann hafi tekið í húsinu á Brákarpolli, enda þóttist Halldorsen þekkja að það væri naglar þar úr húsinu. Frekari skýrslu gefur Deponentinn eigi gefið um þetta. Uppl. Ját. rétt bók.

Mætti fyrir réttinum eptir fyrirkalli Sólmundur Símonarson, bóndi á Hvítárósi, 32 ára gamall, sem sýslumaður áminnti um sannsögli og hreinskilnislegan framburð. Hann játar strax að hann hér um bil fyrir hálfum mánuði hafi verið staddur á Brákarpolli á heimleið sunnan úr Reykjavík og orðið að liggja þar 2 nætur fyrir mótvindi og hafi fengið að sofa ásamt A. Fjeldsted og nokkrum mönnum er með honum voru þar að sækja timbur í húsi kaupmannsins þar og hafi hann þá stolið þar í kassa upp á loptinu sem „rimlar“ voru fyrir trefli og sömuleiðis saum úr stokk þar á loptinu og nokkur stifti úr skál niður í búðinni í húsinu og poka nýjum þar í búðinni og ennfremur 1 brýni upp á loptinu. Meira en þetta segist hann eigi hafa stolið hvorki þá né nokkru sinni áður og segist eigi vita hvaða freistni hafi komið yfir sig.

Hinir stolnu munir að undanteknu brýninu, sem eigi hefur komið í hendur dómarans, voru lagðir fram í réttinum og kannaðist Sólmundur við að þetta voru þeir sömu hlutir og hann hafði tekið ófrjálst í húsinu á Brákarpolli. Réttarvitnin virtu þessa hluti þannig: trefilinn á 2 kr. en saumrinn á 2,83 kr. og gerði ákærði sig ánægðan með þá virðingu.

Um það spurður ber Sólmundur það fram að hann hafi allan sinn aldur dvalið innan Andakýlshrepps og aldrei áður sætt ákæru fyrir nokkurt lagabrot og tjáði sýslumaður honum að hann yrði settur undir ákæru réttvísinnar fyrir þjófnað þann, er hann hefir framið og óskaði hann sér settan talsmann, dómariinn tjáði honum að hann eigi án hans leyfi mætti fara burtu úr sýslunni á meðan á þessu máli stæði. Uppl. Svoh. Vék þá rétturinn.

Rétti slitið.

E. Th. Jónassen

Björn Þorsteinsson

D. Fjeldsted